

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 569/2008

2023/EES/83/51

frá 12. júní 2008

um breytingu á reglugerð nr. 11 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og -skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

Í reglugerð nr. 11 er mælt fyrir um reglur Bandalagsins, sem krafist er að verði settar skv. 75. gr. sáttmálans, til að afnema tiltekna tegundir mismununar að því er varðar flutninga á landi og skipgengum vatnaleiðum innan Bandalagsins (2). Til að draga úr stjórnsýsluálagi á fyrirtæki ætti að einfalda þá reglugerð með því að fella brott úreltar og ónauðsynlegar kröfur, einkum kröfuna um að tiltekna upplýsingar verði varðveittar á pappír sem, sökum tækniframfara, eru núna aðgengilegar í bókhaldskerfum flutningsaðila.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð nr. 11 er breytt sem hér segir:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 12. júní 2008.

1. Ákvæði 5. gr. falla brott.

2. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) fimmti og sjötti undirliður 1. mgr. falla brott,

b) þriðji málslíður 2. mgr. fellur brott,

c) í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef fyrirbyggjandi skjöl, s.s. farmbréf eða önnur flutningsskjöl, veita allar upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 1. mgr., og gera mögulegt, í tengslum við skráningar- og bókhaldskerfi flutningsaðila, að hafa fullt eftirlit með flutningsgjöldum og -skilmálum þannig að afnema megi eða komast hjá þeim tegundum mismununar sem um getur í 1. mgr. 75. gr. sáttmálans, skal þess ekki krafist að flutningsaðilar leggi fram ný skjöl.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd ráðsins,

A. VIZJAK

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 161, 20.6.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 175, 27.7. 2007, bls. 37.

(2) Stjtið. EB 52, 16.8.1960, bls. 1121/60 (sérstök ensk útgáfa; ritröð I, kafla 1959–1962, bls. 60). Reglugerðin eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3626/84 (Stjtið. EB L 335, 22.12.1984, bls. 4).